

## „Vér nálægjumst guði“

### Um sögnina *nálægjast* með þágufallsandlagi

#### Inngangur<sup>1</sup>

Hér verður sjónum beint að sögninni *nálægjast*. Dæmi eru um að hún taki með sér andlag í þágufalli í stað hins venjulega þolfalls. Þágufallið má m.a. finna í þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu, nánar tiltekið í Hebreabréfinu.

(1) a. ...vier **nalægjunzt** gudi.<sup>2</sup>  
(Frá 1540.)

Athugun leiðir það í ljós að þágufallsandlagið er aðeins að finna í tveimur þýðingum/útgáfum en líka það að sögnin *nálægjast* hefur leyst *nálægjast* af hólmi.<sup>3</sup> Leitað verður skýringa á þessu. Og til að varpa frekara ljósi á sögu þágufallsins með *nálægjast* verður saga þess rakin í dæmum frá ýmsum tímum. Heimildirnar, sumar mjög gamlar, eru ekki einsleitar. Mörg dæmi benda til þess að þágufallsandlagið sé notað af merkingarlegum ástæðum. Önnur dæmi gera það ekki, síst þau yngstu. Um allt þetta snýst greinin.

Fallstjórnun íslenskra sagna hefur lengi verið frjótt viðfangsefni. Meðal annars hafa menn reynt að greina þær merkingarfræðilegu reglur sem þær kynnu að ráða för. Sjónum hefur t.d. rækilega verið beint að sögnum sem taka með sér einn andlagslið. Í nútímamáli er þolfallsandlag slíkra sagna miklu algengara en andlag í þágufalli. En

<sup>1</sup> Höfundur þakkar Arnfríði Guðmundsdóttur fyrir samvinnu sem einkenndist af alúð og hlýju og ókunnum yfirlesurum fyrir mjög góðar ábendingar. Áslaugu J. Marinósóttur ber líka að þakka fyrir liðveislú sína. Eins og ávallt er ábyrgðin þó höfundarins.

<sup>2</sup> Ritmálssafn Orðabókar Háskólans = ROH: *Þetta er hið nýja Testament...* Dæmið er úr Hebreabréfinu, 7:19; sjá einnig orðstöðulykil yfir Nýja testamentið, [ordlyklar.arnastofnun.is/ntodds/nto.htm](http://ordlyklar.arnastofnun.is/ntodds/nto.htm) og *Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, útg. Sigurbjörn Einarsson, Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson, Jón Aðalsteinn Jónsson, Reykjavík: Lögberg, 1988, bls. 478.

Jón Helgason segir í doktorsritgerð sinni að þágufallið hér sé athugunarvert án þess þó að ræða það frekar. Jón Helgason, *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 1929 [ljósprentuð útgáfa], bls. 105. Það vekur því athygli að Bandle skuli ekki minnst á sögnina í verki sínu um málið á Guðbrandsbiblíu, Oscar Bandle, *Die Sprache der Guðbrandsbiblíu*, Hafnia: Munksgaard, 1956. Því er svo við að bæta að Oddur var að miklu leyti alinn upp í Noregi enda norskur í föðurætt og tengsl hans þangað mikil. Það gæti því hafa mótað mál hans, sbr. Steingrímur J. Þorsteinnsson, „Íslenzkar biblíuþýðingar“, *Víðfjörli* 4/1950, bls. 40–65, hér 52. Jón Helgason (*Málið á Nýja testamenti Odds*, bls. 2) segir hins vegar að móðurmál Odds hafi verið „óbrjáluð íslenska“.

<sup>3</sup> Í svokallaðri risamálheild hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum = Rmh (sótt í janúar 2020 af <http://malheildir.arnastofnun.is>), sjá nánar neðanmálsgrein 7, er aðeins eitt dæmi um sögnina *nálægjast* („gæti nálægst“) sem ekki er að finna á [timarit.is](http://timarit.is). Þar eru dæmin allmörg. Um *nálægjast* eru hins vegar rúmlega 78 þúsund dæmi. Ekki er hægt að líta öðru vísi á en svo að sagnirnar *nálægjast* og *nálægjast* séu algjör samheiti enda hefur sú fyrrnefnda nánast alveg leyst hina síðarnefnda af hólmi.

eins og lesa má hjá Eiríki Rögnvaldssyni og Jóhönnu Barðdal, líka Joan Maling,<sup>4</sup> hefur tíðni þágufalls aukist á kostnað þolfalls frá því sem var í fornu máli. Á því eru ýmsar skýringar. Ein er t.d. sú sem Jóhanna hefur bent á að nýjar tökusagnir taki mjög oft með sér þágufallsandlag, andstætt því sem við er að búast, m.a. í ljósi þess hve þolfallsagnirnar eru margar. Þrátt fyrir þetta segir Jóhannes Gísli Jónsson<sup>5</sup> að frá fornu máli til nútímans hafi aðeins „handful of verbs“ breytt falli sínu þannig að þolfallsandlag hafi komið í stað þágufallsins og öfugt.<sup>6</sup>

Hér á eftir snýst umræðan fyrst um myndun, merkingu og hegðun sagnarinnar *nálægjast*. Því næst er dæmasafn með ýmsum skýringum. Til samanburðar eru þar einnig dæmi með sögnunum *fjarlægjast* og *nálgast*. Þá er rætt um dæmið úr Hebraeabréfinu og hvernig það birtist í öðrum þýðingum/útgáfum Biblíunnar. Skýringa á þágufallinu er leitað og það m.a. skoðað í samhengi við hegðun sagnanna *fjarlægjast* og *nálægjast*.<sup>7</sup> Greininni lýkur með stuttum lokaorðum.

### Myndun, merking og hegðun *nálægjast*

Sögnin *nálægjast* er ýmist áhrifslaus eða áhrifssögn með frumlag í nefnifalli og andlag sem er langoftast í þolfalli. Merkingin er ljós: ‘færa sig nær, nálgast’.<sup>8</sup> Frumlagið nálgast því andlagið, hið kyrrstæða mark, hvort sem það er í eiginlegri eða óeiginlegri merkingu. Hér koma tvö dæmi, bæði úr safni Orðabókar Háskólans, ROH.

(2) a. ...þeir toku að **naalægast** Kaupþwíð það þeir geingu til.<sup>9</sup>

(Frá 1665.)

...hin gamla saga um föðurinn, sem fann dauða sinn **nálægjast**.<sup>10</sup>

(Frá 1908.)

Eins og sjá má er hér lýst afstöðubreytingu: e-ð minnkar frá því sem áður var, e-ð færir sig nær~nærri viðmiðunarstaðnum. Tengslin eru gagnkvæm. Enda þótt *nálægðin* sé mælanleg er virkni frumlagsins breytileg. Stundum eru gjörðir þess meðvitaðar, sbr. t.d. *Nemandinn nálægist verk sitt á frumlegan hátt*. Þá er frumlagið gerandi. Það getur einnig verið þema. Þá er merkingin ‘færa sig nær, nálgast’, sbr. t.d. *Hann*

<sup>4</sup> Eiríkur Rögnvaldsson, „Föll og kyn að fornu og nýju“, *Orðbogi: Afmáliskveðja til Jóns Aðalsteins Jónssonar 12. október 2000*, Reykjavík: án útg., 2000, bls. 36–38; Jóhanna Barðdal, *Case in Icelandic: A Synchronic, Diachronic and Comparative Approach*, Dept. of Scandinavian Languages, Lund University, Lund, 2001; Jóhanna Barðdal, „The Rise of Dative Substitution in the History of Icelandic: A Diachronic Construction Grammar Approach“, *Lingua* 121:1/2011, bls. 60–79, hér 76–77; Joan Maling, „Það rignir þágufalli á Íslandi: Verbs with Dative Objects in Icelandic“, *Íslenskt mál* 24/2002, bls. 31–105, hér 38–39.

<sup>5</sup> Jóhannes Gísli Jónsson, „Verb Classes and Dative Objects in Insular Scandinavian“, *The Role of Semantic, Pragmatic and Discourse Factors in the Development of Case*, ritstj. Jóhanna Barðdal og Shobhana L. Chelliah, Amsterdam: John Benjamins, 2009, bls. 203–224, hér 209.

<sup>6</sup> Hér má t.d. nefna sagnirnar *eyða* og *slíta* og fallasögu þeirra frá fornmáli til nútíðarmáls en hún er afar forvitnileg, sjá Jóhannes Gísli Jónsson, „Two Types of Case Variation“, *Nordic Journal of Linguistics* 36(1)/2013, bls. 5–25, hér 17–19. Hið sama má segja um *fjölga* og *fækka*, sjá Margrét Jónsdóttir, „From Accusative to Dative (via Nominative): The Case of *fjölga* ‘increase’ and *fækka* ‘decrease’ in Icelandic“, *New Trends in Nordic and General Linguistics*, ritstj. Martin Hilbert o.fl., Berlín o.v., De Gruyter, bls. 181–201, hér 196–197. Í öllum tilvikum kemur merkingin við sögu.

<sup>7</sup> Sagnirnar *nálægjast* og *fjarlægjast* eru andheitapar. Það á hins vegar ekki við um áhrifssagnirnar *nálægja* og *fjarlægja*, sbr. merkinguna ‘koma e-u burtu, ryðja úr vegi’, sjá *Íslensk orðabók*, ritstj. Mördur Árnason, 3. útgáfa, aukin og endurbætt, Reykjavík: Edda, 2002.

<sup>8</sup> Sjá *Íslensk orðabók*.

<sup>9</sup> ROH, Gísli Þorláksson, *Hvís Postilla ... Samsett og niðlogd / Af H. Gysla Þorlaks Syne*, 1, Hólum í Hjaltadal: án útg., 1665.

<sup>10</sup> ROH, *Eggr* 1908, bls. 71.

*nálægist* *húsið bröðum skrefum*.<sup>11</sup> Andlagið verður ekki fyrir neinu. Það er kyrrstætt. Það á einnig við þótt það sé í þágufalli. Og eins og fram hefur komið er það einmitt þágufallsandlagið sem verður fjallað um hér á eftir.

### Heimildir um sögnina *nálægjast* með þágufallsandlagi

Heimildir um *nálægjast* með þágufallsandlagi eru ekki miklar enda sögnin ekki mikið notuð eins og komið hefur fram. Hana er helst að finna í eldri heimildum um málið.<sup>12</sup> Hér á eftir verður einungis hugað að dæmum þar sem sögnin tekur með sér þágufallsandlag.

Í *Ordbog over det norrøne prosasprog*, ONP, eru 15 dæmi um *nálægjast*, þar af fjögur þar sem andlagið er eða getur verið í þágufalli. Hér koma tvö, bæði úr *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*, þýddri helgisögu frá seinni hluta 14. aldar.

- (3) a. ...buðum ver þenna vín þeirra **nalægiaz** várum domstoli...<sup>13</sup>  
(Frá seinni hluta 14. aldar.)  
b. ...bioðandi sælan Johannem þar **nalægiaz** sinu ógliti.<sup>14</sup>  
(Frá seinni hluta 14. aldar.)

Hér fer ekkert á milli mála. Fallorðin bera þágufallinu glöggvitni.<sup>15</sup>

Lítum nú til annarra dæma. Dæmin í (4–6) eru efnislega nokkuð skyld. Fyrst koma þrjú af þeim sex dæmum um þágufallsandlag sem eru í ROH, safni Orðabókarinnar. Þess skal getið að dæmi (1) er líka þaðan.

- (4) a. ...ad hun munde bidia fyrer kristnum monnum. **nalægjast** þeim.  
(Frá 1550.)<sup>16</sup>  
b. ...**nalægist** drottni suo mun hann nalægjast ydur.  
(Frá seinni hluta 17. aldar.)<sup>17</sup>  
c. ...þótt þeir ecki eginliga vidkomi adalefninu, samt meir eda minna **nálægjast** því.  
(Frá 1822–1823.)<sup>18</sup>

<sup>11</sup> Höskuldur Þráinsson (*Setningar: Handbók um setningafræði*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 321) lýsir þema þannig: „Dæmigerð þemu eru eitthvað sem hreyfist vegna þess verknaðar eða athafnar sem umsögnin lýsir en þema er oft einnig haft um einingar eða aðila verknaðar sem breytast, eru í tilteknu ástandi eða verða fyrir áhrifum vegna þess sem umsögnin segir.“

<sup>12</sup> Heimilda var leitað í *Ordbog over det norrøne prosasprog*, = ONP, Kaupmannahafnarháskóla, sjá [onp.ku.dk/onp/onp.php](http://onp.ku.dk/onp/onp.php), á [tumarit.is](http://tumarit.is), í ROH, sjá [ritmalssafn.arnastofnun.is](http://ritmalssafn.arnastofnun.is) (í báðum söfnunum undir flettunni *nálægja*), í Rmh, [malheildir.arnastofnun.is](http://malheildir.arnastofnun.is), og svo á Netinu (með hjálp Google) en þar var leitað í febrúar og mars 2020. Rmh, eða risamálheildin, gerir nútímamálinu mjög góð skil.

<sup>13</sup> ONP, JJ SÁM 1 56rb9, <http://onp.ku.dk> (sótt í mars 2020).

<sup>14</sup> ONP, JJ SÁM 1 56va12, <http://onp.ku.dk> (sótt í mars 2020).

<sup>15</sup> Hin tvö dæmin eru ekki síður athyglisverð. Þau eru bæði úr *Nikuláss sögu erkibyskups*, ONP, <http://onp.ku.dk> (sótt í mars 2020):

i. Þegar i stad sem kerit **nalægiz** sioinn ...

ii. ...úr þann tíma sem **nalægiz** hatidis deginum

Á seðli fyrra dæmisins stendur: „i Holm 16 4<sup>o</sup> sionum rettit til sioinn (ell. omvendt)“. Spurningin snýst því um fallið. Á þeim síðara stendur: „[var. nalgaz háátid AM 638 4<sup>o</sup>]“. Hér snýst spurningin ekki beint um fallið heldur um sögnina og þá hvaða fall hún tekur með sér.

<sup>16</sup> ROH, *Diplomatarium Islandicum/Íslensket fornbréfasafn* 11, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1915–1925, bls. 745.

<sup>17</sup> ROH, *Guðfræðilegar ritgerðir með hendi sr. Páls Björnssonar í Selárdal*. Bókfræðilegar upplýsingar óaðgengilegar.

<sup>18</sup> ROH, *Leidarvísir til at lesa bid Nýja Testament med gudrækni og greind: vinkum banda ólærdum lesurum*. Ritadur á dönsku af R. Møller. Snúinn á íslensku. Fyrri parturinn. Kaupmannahöfn: án útg., 1822.

Fjögur dæmi hafa fundist í þýðingum Jóns Þorlákssonar, tvö úr Messíasi og tvö úr Paradísarmissi.<sup>19</sup>

- (5) a. Guð, sitjandi á sínum veldisstóli, sér Satan **nálægjast** veröldinni...<sup>20</sup>  
(Frá 1828.)
- b. Eptir sem mat hann/ myndir þeirra/ nytsamastar sér/ til at **nálægjast**/ girnstu herfángi, ...<sup>21</sup>  
(Frá 1828.)
- c. Satan og Adramelek **nálægjast** henni líka.<sup>22</sup>  
(Frá 1838.)
- d. Jafnframt **nálægðist**/Jesús sínum/Föður...<sup>23</sup>  
(Frá 1838.)

Á [timarit.is](http://timarit.is) hafa fundist sjö dæmi. Fjögur þeirra koma hér.

- (6) a. Gamalmennið, sem farið er að **nálægjast** gröfinni...<sup>24</sup>  
(Frá 1900.)
- b. Enginn syndari eða ófrelsuð sál getur **nálægst** Guði...<sup>25</sup>  
(Frá 1905.)
- c. ...að hann sé farinn að **nálægjast** andatrúnni í skoðunum sínum<sup>26</sup>  
(Frá 1908.)
- d. ...Guð þinn er hér. Gakk hljótt, því hann býður þér **nálægjast** sér.<sup>27</sup>  
(Frá 1966; þýddur sálmur.)

Efni dæmanna hér á eftir er af ýmsum toga.<sup>28</sup> En það sem mesta athygli vekur er síðasta dæmið sem er það eina sem er ungt.

- (7) a. ...þegar Chólerasóttin **nálægðist** ríkinu...<sup>29</sup>  
(Frá 1833.)
- b. ... enn ekki er að hugsa til um sinn...að **nálægjast** þeirri hugmind...<sup>30</sup>  
(Frá 1836.)

<sup>19</sup> Dæmin úr Paradísarmissi fundust á Netinu með liðsinni leitarvél Google (mars 2020) en ókunnur yfirlesari benti á þau úr Messíasi. (Yfirlesara sé þökk.) Dæmin eru tekin beint upp úr rafrænum útgáfum með hjálp Gagnis. Því er við að bæta að dæmi a. og c. eru hvorugt úr þýðingunum sjálfum, heldur úr skýringum. Hvort Jón hefur þar um vélað skal ósagt látið.

<sup>20</sup> *Paradísarmissir: ens enska skálds, J. Miltons Paradísar missir / John Milton; á íslensku snúinn af þjóðskáldi Íslendinga, Jóni Þorlákssyni; Þorgeir Guðmundsson og Þorsteinn Helgason sáu um útgáfuna, Kaupmannahöfn: án útg., 1828, bls. 9.*

<sup>21</sup> *Paradísarmissir*, bls. 100.

<sup>22</sup> *Kloppstokks Messías, einn heju-diktr um endrlausnina / Frederik Gottlieb Kloppstokk; af þýðingu á íslensku snúinn að Jóni sál. Þorlákssyni, Presti til Bægisár ok Bakka í Vöðlu-sýslu, Kaupmannahöfn, útgefinn að tilhlutan ens íslenska bókmentafélags, 1834–1835, bls. xvi.*

<sup>23</sup> *Kloppstokks Messías*, bls. 2.

<sup>24</sup> *Frikirkjan* 8/1900, bls. 123.

<sup>25</sup> *Trú* 12/1905, bls. 92.

<sup>26</sup> *Frakorn* 4–5/1908, bls. 39.

<sup>27</sup> *Eining* 6–7/1966, bls. 30.

<sup>28</sup> Þrjú þau fyrstu eru úr safni Orðabókarinnar, ROH, það fjórða er af [timarit.is](http://timarit.is) en það síðasta fannst á Netinu (Google leitarvél).

<sup>29</sup> *Skírnir* 7/1833, bls. 49.

<sup>30</sup> *Skírnir* 10/1836, bls. 3.

- c. ... og nú **nálægjast** þeir borginni...<sup>31</sup>  
(Frá miðri 19. öld.)
- d. ...því hann **nálægðist** hestinum meir og meir.<sup>32</sup>  
(Sótt í mars 2020.)

Dæmin í (3–7) hér á undan ná aftur til fjórtándu aldar. Flest dæmanna í (3–6) eiga það sameiginlegt að vera í textum af trúarlegum toga og vísa til einhvers konar skynjunar og andlagið því varla efniskennt. Stundum er líka vísað til lifandi veru. Dæmin í (7) eru ekki mörg. Og það er athyglisvert að aðeins eitt dæmi er ungt.

Engin leið er að sjá að andlagsþágufallið í dæmunum hér á undan sé skyldubundið enda getur þolfall ávallt komið í þess stað. Á móti kemur þó hinn merkingarlegi skyldleiki sem sjá má í mörgum dæmanna. Allt verður þetta rætt nánar í fimmta kafla.

Í (1) var dæmi úr þýðingu Odds á Nýja testamentinu. Þar er eina örugga dæmið um þágufallsandlag með *nálægjast* í þýðingunni. Fimm önnur dæmi eru um sögnina. Í þremur tilvikum er þolfallsandlag öruggt en í tveimur er ekki hægt að skera úr um fallið. Í öðru þeirra sem er úr tíunda kafla Lúkasarguðspjalls, sbr. orðstöðulykil yfir Nýja testamentið<sup>33</sup> og *Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*,<sup>34</sup> segir að „Guðs ríki nálægist yður“. Í ljósi dæmanna í (4–6) kæmi þágufall hér ekki á óvart.

#### *Um sagnirnar **fjarlægjast** og **nálgast***

Lítum fyrst til sagnarinnar *fjarlægjast* með þágufallsandlagi sem getur m.a. vísað til persóna, guðs og staðarins. Raunar eru slík dæmi ekki mörg. En hér koma þrjú, tvö þau fyrri úr Ritmálssafni Orðabókarinnar, ROH, en það síðasta úr risamálheildinni, Rmh.

- (8) a. ...ég varð hjartanlega feginn að **fjarlægjast** þessum mínum mótstöðumanni.<sup>35</sup>  
(Frá síðari hluta 18. aldar.)
- b. Því það er líka til annar vegur, sem fer í þveröfuga átt; og það er að spillast, **fjarlægjast** guði...<sup>36</sup>  
(Frá 1903.)
- c. ...staðsetning fangelsisins **fjarlægist** höfuðborgarsvæðinu.<sup>37</sup>  
(Frá 2011.)

<sup>31</sup> *Íslenskar þjóðsögur og ávintýri* 4, útg. Jón Árnason, nýtt safn, Reykjavík: Þjóðsaga, 1956, bls. 542. Hér fer þágufallið ekki á milli mála. Því er alls ekki útilokað að í dæminu hér á eftir sé þágufall (en ekki atviksorð):

iii. ...hann gengur...á hljóðið og heldur sig **því** nálægjast... *Íslenskar þjóðsögur og ávintýri* 6, bls. 12 (Frá miðri 19. öld.)

<sup>32</sup> Dæmið, sótt í mars 2020 af [hugi.is](http://hugi.is), er án ártals. Nokkuð öruggt má þó telja að það sé frá þessari öld.

<sup>33</sup> Sbr. [ordlyklar.arnastofnun.is/ntodds/nto.htm](http://ordlyklar.arnastofnun.is/ntodds/nto.htm).

<sup>34</sup> *Nýja testamenti Odds*, bls. 144.

<sup>35</sup> ROH, *Sjálfsævisaga síra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka*, Haraldur Sigurðsson bjó til prentunar, Reykjavík: Hlaðbúð, 1947, bls. 174.

<sup>36</sup> ROH, *Aldamót* 1903, bls. 44.

<sup>37</sup> Rmh, *Vísir*, 5. apríl 2011, [visir.is](http://visir.is).

Líkindin við *nálægjast* fara ekki á milli mála. Hegðan *nálgast* með þágufalli er að mörgu leyti svipuð.<sup>38</sup> Fyrsta dæmið er úr ROH en tvö þau síðari af [timarit.is](http://timarit.is).

- (9) a. ...og því meir og meir, sem eg **nálgaðist** einverium planeta, eðr vissum lopts líkama...<sup>39</sup>  
(Frá miðri 18. öld.)  
b. ...að þeir **nálgist** himninum...<sup>40</sup>  
(Frá 1877.)  
c. ... hvernig það megi **nálgast** því sem þar gerist.<sup>41</sup>  
(Frá 2006.)

Segja má að líkindin milli *nálægjast*, *fjarlægjast* og *nálgast* séu nokkuð ljós, mest þó á milli *nálægjast* og *fjarlægjast*. Slíkt er ekki óþekkt. Dæmi um það eru t.d. samstíga breytingar í fallstjórnnum sagnanna *fjólga* og *fækka*, sbr. einnig neðanmálgrein 4.<sup>42</sup>

### Hebreabréfið 7:19

Dæmið úr sjöunda kapítula Hebreabréfsins er athyglisvert og gefur tilefni til samanburðar við sama vers í öðrum Biblíuþýðingum/-útgáfum okkar. Í ljós kemur að einungis í tveimur stýrir sögnin *nálægjast* þágufalli. Eldra tilvikið er úr Guðbrandsbiblíu (1584). En við því mátti búast enda, eins og Kjartan G. Ottósson<sup>43</sup> segir, tók Guðbrandur upp þýðingu Odds lítið breytta.<sup>44</sup> Hitt er úr útgáfunni frá 1813 (Grútarbiblía eða Henderssonsbiblía). Það kemur á óvart í ljósi þess að hún mun hafa haft svokallaða Vajsenhússbiblíu frá 1747 að fyrirmynd, sbr. Steingrímur J. Þorsteinsson;<sup>45</sup> þar stýrir sögnin þolfalli. Jafnframt var vikið töluvert frá þýðingu Odds, sbr. Steingrímur J. Þorsteinsson.<sup>46</sup>

Það er athyglisvert að sögnin *nálgast* leysir *nálægjast* af hólmi í útgáfunni 1866; *nálgast* er svo notuð í útgáfunum 1912 og 1981 en ekki í þýðingunni frá 1908. Því er svo við

<sup>38</sup> Það vekur athygli að í færeysku, sænsku og þýsku taka sagnir sem eru merkingarlega og myndunarlega skyldar *nálgast* með sér þágufallsandlag. Færeyska sögnin *nærkast* (*k* er orðmyndunarviðskeyti) tekur líka með sér þágufallsandlag, sjá *Hann nærkaðist bygðini* (Føroysk-føroysk orðabók, [sprotin.fo](http://sprotin.fo), sótt í mars 2020). Hjá Reinhammar (Maj Reinhammar, *Om dativ i svenska och norska dialekter 1: Dativ vid verb*, Uppsölum: Almqvist & Wiksell, 1973, bls. 132–133) má sjá að í sænskri og norskrí mállýsku tekur sögnin *nåkas* ‘komma nära, ha nära till, nå’ með sér þágufallsandlag. Það gera líka sagnirnar *nå* og *närma sig* raunar líka sums staðar. Það sama gerir þýska sögnina *naben* ‘näher kommen; zugehen’, sbr. *Der grosse Duden: Bededeutungswörterbuch* 10, Mannheim: Bibliographisches Institut Dudenverlag, 1970, bls. 46. Sjá líka Joan Maling, „Það rignir þágufalli á Íslandi“, 104–105.

<sup>39</sup> ROH, *Nikulás Klím* (Jón Ólafsson þýddi) (mið 18. öld), 1948, bls. 18

<sup>40</sup> *Norðanfari* 18. maí, 1877, bls. 69.

<sup>41</sup> *Morgunblaðið* 14. janúar 2006, bls. 34.

<sup>42</sup> Dowty hefur rætt um sagnir þar sem andlagið „gerir ekkert“. Hann líkir þessu við kyrrestæðan nafnlið með lýsingarorðum eins og m.a. be similar to og be near. David Dowty, „Thematic Proto-Roles and Argument Selection“, *Language* 67(3)/1991, bls. 547–619, hér 556. Í íslensku haga samsvarandi lýsingarorð, þ.e. líkur og nálægur, og mörg fleiri, t.d. fjarlægur og hlýðinn, sér eins. Þau taka með sér andlag í þágufalli, sbr. t.d. vera nálægur mér/húsinu. Hér er verið að lýsa gagnkvæmum tengslum rétt eins og sagnirnar *nálægjast*, *fjarlægjast* og *nálgast* gera líka, hvort sem andlagið er í þolfalli eða þágufalli. Í heild séð er ekki hægt að sjá að það hafi haft áhrif á sagnirnar. Til þess eru dæmin of fá.

<sup>43</sup> Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málbreiðun: Sögulegt yfirlit*, Reykjavík: Íslensk málnefnd, 1990, bls. 17.

<sup>44</sup> Guðrún Kvaran segir að breytingarnar hjá Guðbrandi hafi varðað rithátt, beygingu og val á einstökum orðum. Guðrún Kvaran, „Biblíuþýðingar og íslenskt mál“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 4/1990, bls. 39–56, hér 39. Samkvæmt þessu hefði Guðbrandi því verið í lófa lagið að breyta fallinu hefði honum þótt ástæða til þess.

<sup>45</sup> Steingrímur J. Þorsteinsson, „Íslenskar biblíuþýðingar“, bls. 73.

<sup>46</sup> Sama rit, bls. 81–82.

að bæta að í útgáfunum frá 1841 og 1859 er sögnin *nálægja* (e-ð e-u) notuð. En í Biblíu tuttugustu og fyrstu aldar (2007) er talað um „von sem leiðir okkur nær Guði“.

Í töflu 1 hér á eftir má sjá hvernig sagnirnar *nálægjast* og *nálgast* og andlagsfall þeirra í Hebreabréfinu 7:19 birtast í öllum biblíuútgáfum/nýþýðingum sem hafa komið við sögu hér á undan.

Útgáfuár	<i>nálægjast</i>	<i>nálgast</i>	<i>guði</i> (þgf.)	<i>guð</i> (þf.)
1584	+		+	
1644 <sup>47</sup>	+			+
1734	+			+
1747	+			+
1813	+		+	
1866		+		+
1908	+			+
1912		+		+
1981		+		+

Tafla 1: Sagnirnar *nálægjast* og *nálgast* og fallstjórnun þeirra

Við blasir að andlag í þolfalli með *nálægjast* hefur komið í stað þágufallsins. Í þýðingunni 1866 er *nálgast* notuð í stað *nálægjast*. Í þýðingunni frá 1908 birtist *nálægjast* á nýjan leik. Breytingin gengur svo til baka 1912. Þá leysir *nálgast* *nálægjast* af hólmi. Í öllum tilvikum tekur *nálgast* með sér þolfallsandlag. Andlag í þágufalli hefði þó ekki verið útilokað enda mörg dæmi þess, gömul og ný, að andlagið sé í þágufalli.

Í upphafi var á það minnst að sögnin *nálægjast* er lítt notuð í nútímamáli; það votta dæmin sem eru örfá. Í nýju Biblíunni, Biblíu tuttugustu og fyrstu aldar, er sögnin *nálægjast* aðeins einu sinni notuð en fræðilega séð er andlagsfallið óvíst. Þetta er í Sálmunum 88:4, *líf mitt nálægist hel*. Hjá Guðbrandi er sögnin *nálægjast* líka notuð á þessum stað en setningagerðin er öll önnur. Í nýju Biblíunni er líka aðeins eitt dæmi um sögnina *nálægja*. Það er í Jakobsbréfi, 4:8, *Nálægjð ykkur Guði og þá mun hann nálgast ykkur*. Hjá Oddi stendur: *Nálægjð yður að Guði, svo nálægir hann sig til yðar*. Skilja má orð Odds, *Nálægjð yður að Guði*, og nýju Biblíunnar, *Nálægjð ykkur Guði*, sem svo að gjörðin sé á valdi hvers og eins, hún sé meðvituð. Í seinni hluta setningarinnar, þ.e. *svo nálægir hann sig til yðar*, hjá Oddi verður að gera ráð fyrir hinu sama. Í nýju Biblíunni er hins vegar sögnin *nálgast* sem jafnvel má skilja sem svo að gerandinn sé enginn, einungis sé verið að lýsa atburði. Það er a.m.k. athyglisvert að sitthvor sögnin skuli notuð.

Í fyrsta kafla kom fram að sögnin *nálægjast* er nánast horfin úr nútímamáli; það sama á raunar við um *nálægja* eins og athugun í Rmh leiðir í ljós. Hvort *nálgast* hefur alltaf komið í stað þessara tveggja í Biblíu tuttugustu og fyrstu aldar skal ósagt látið enda möguleikarnir til að tjá sömu merkingu fleiri. En víst er að dæmin um *nálgast*

<sup>47</sup> Biblían frá 1644 er jafnan kennd við Þorlák biskup og kölluð Þorlákssbiblíá. Steingrímur J. Þorsteinsson segir að hún sé að mestu leyti endurprentun á Guðbrandsbiblíu. Jafnframt er hún að nokkru endurskoðuð eftir Biblíu Lúthers en þó frekar eftir danskri þýðingu. Steingrímur segir svo: „...og máli því fremur spilt.“ Steingrímur J. Þorsteinsson, „Íslenzkar biblíuþýðingar“, bls. 63.



skipta tugum, sbr. [biblián.is/biblián/](http://biblián.is/biblián/). Notkunin er því fyllilega í samræmi við nútíma-málið.

### Þágufallsandlagið — hvers vegna?

Ýmsar skýringar eru til á hlutverki og eðli þágufallsins. En í ljósi fyrirbyggjandi dæma er freistandi að líta svo á að þágufallsandlagið sé *viðtakandi* (e. *recipient*), jafnvel *njótandi* (e. *beneficiary*). Í fræðilegum skilningi falla þessi hugtök undir það sem kallað er *mark* (e. *goal*) en það „er sá staður sem einhver hreyfing stefnir á eða það/sá sem tekur við einhverju“, sbr. Höskuld Þráinsson.<sup>48</sup> Samkvæmt þessu væru andlögin í (7) ekki frábrugðin hinum andlögunum. Það sama á líka við um með andlögin með *ffjarlægjast* og *nálgast*.

Sú spurning vaknar hvort andlagsfallið með *nálgjast* (og líka *ffjarlægjast* og *nálgast*) sé hið upprunalega, þ.e. þolfallið eða þágufallið. Nánast allt bendir til þolfallsins. Vel er þó hugsanlegt að dæmin þar sem þágufallið vísar til marksins í víðum skilningi, ef svo má að orði komast, sé vitnisburður um eitthvað gamalt. Með öðrum orðum: Annars vegar er kerfisfallið, þ.e. hið sjálfgefna þolfall, hins vegar orðasafnsfallið, þ.e. þágufallið sem þarf að læra. Andstæðan er því merkingarleg.

Eins og fram kom í fyrsta kafla þá hefur sögnum sem taka með sér þágufallsandlag fjölgað í tímans rás. Sú þróun gæti skýrt yngstu dæmin um sagnirnar. Það blasir a.m.k. ekki við að merking skipti þar neinu máli. Þar væri því einungis um tilbrigði í fallstjórnun að ræða. Hvort tveggja er vel þekkt í málinu.<sup>49</sup> Þágufallstilbrigðin gætu því verið tilkomin vegna þess að sögnum með þágufallsandlagi hefur fjölgað frá því sem var enda staða þess sterkari en áður var talið.

### Lokaorð

Hér hefur ljósi verið beint að fallstjórnun og því að ein sögn hefur leyst aðra af hólmi. Í því sambandi var ritningarstaður í Hebreabréfinu skoðaður sérstaklega í nokkrum útgáfum/þýðingum Biblíunnar. Segja má að þær breytingar sem orðið hafa séu jafnt málfræðilegar og orðfræðilegar. Útkoman hefur gildi í sjálfu sér en hana ber líka að skoða í stærra samhengi í sögu tungumálsins.

Mikilvægi Biblíunnar fyrir skilning okkar á tungunni og sögu hennar verður seint ofmetið. Þannig getur t.d. samanburður á einstökum ritningarstöðum í hinum ýmsu útgáfum leitt í ljós breytingar sem varða jafnt málfræðileg atriði, einkum beygingu, merkingu og setningaskipan, sem og þau sem snúa að orðfræðinni, þ.e. einstökum orðum og orðasamböndum af ýmsum toga.<sup>50</sup> Því er óhætt að fullyrða að enn er óplægður akur á þessu sviði, jafnt fyrir málfræðinga sem guðfræðinga.

<sup>48</sup> Höskuldur Þráinsson, *Setningar: Handbók um setningafræði*, bls. 321.

<sup>49</sup> Um aðgreiningar af þessum toga má lesa í Jóhannes Gísli Jónsson, „Two Types of Case Variation“, bls. 21.

<sup>50</sup> Sjá nánar Jón G. Friðjónsson, „Biblían og málsagan“, *Íslensk málsaga og textafræði*, ritstj. Úlfar Bragason, Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals, 1997, bls. 91–100, hér 93–94.